

SKÓGRÆKT - Á TÍMUM BREYTINGA

Ráðstefnan

Tímavélin hans Jóns;
Skógurinn og tíminn

Jón Geir Pétursson

Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið

Egilsstaðir, 20. janúar 2016



Skógrækt á tímum breytinga

- Fjalla um breytingar á Íslandi
- En tæpa fyrst á nokkrum alþjóðlegum breytingum

Málefni skóga í mikilli deiglu á síðasta ári og mikilvægar samþykktir

I. Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt (SDG).

Þar settu þjóðir heims sér markmið um málefni skóga (markmið nr 15)

II. Ráðherrafundur Forest Europe í Madríd

Markmið um sjálfbæra vernd og nýtingu skóga

III. UNFCCC COP21 í París. Þar töluverð áhersla á skógarmál, m.a.

-Áhersla á möguleika að nýta nýræktun og skógstjórn sem aðgerðir

-Aukin áhersla á vernd skóga hitabeltisins REDD+


-Stóraukin áhersla á endurheimt skóga



Ýmsar breytingar á skógum

Forest transition curve

Tree cover and stage of development



Source: *The Economist*

Skógrækt á tímum breytinga

- Saga skóga og skógræktar hér á landi er saga mikill breytinga
- Ýmsar breytingar:
 - Í fyrsta lagi : Skógurinn hvarf
 - Í öðru lagi: Ekki trúað á möguleika skógræktar
 - Í þriðja lagi: Skógar eru orðnir sýnilegir í landslaginu
 - Í fjórða lagi: Hvað þurfti til
 - Og að lokum – breytingar í farvatninu

Lítum aðeins til baka

Gleymum ekki að fyrir um 100 árum var eldiviður úr íslenskum birkiskógum var enn mikilvægur orkugjafi í Reykjavík

Vísir október 1920

Mogginn árið 1918

Landsverzlunin.

Skógarviður.

Peir, sem óska eftir skógarviði í sumar, eru beðnir að senda mér skriflega pöntun. Verðið er kr. 2.65 á bagga = 30 kg.

Túngötu 20.

Skógræktarstjórnin.

Fitt að þú

5 okt.
manni

ingjörg Einarsson.
Skólavörðustíg 4.

Eldiviður.

Fyrirliggjandi eru birgðir af eldivið. 25 kg. baggi (heimfluttur) af grófari viði kr. 4,50, af smærri 3,50.

Pantanir sendist í Túngötu 20.

Sími 426.

SKÓGRÆKTARSTJÓRINN.

labradorfisk og al
f. o. b. góðri höfn

Gud


Sími 555.

Landsins besta
rammaðar afar fljó



I: Í fyrsta lagi

Skógurinn hvarf að mestu: Getum kannski gert tilkall til heimsmets í skógeyðingu!

Landnám 870



1990 – skóglendi verður lægst um
1,2% flatarmáls



**95-97% skóglendis
eyddist á 1100 árum**

II: Í öðru lagi

- Lengi ríkti vantrú á möguleikum skógæktar.
- Lítið var að dæmum til að benda og á ýmsu gekk

Úr þingræðu á 86. löggjafarþingi árið 1966, efri deild Alþingis

Í þriðja lagi fór ég að spyrjast fyrir um skógræktina í Haukadal. og þar hafði það gengið þannig, að þessu var sáð í bjarkarkjarr, og það tók ég fram við 2. umr. málsins, að helzt væri hægt að halda lífi í barrskógunum þannig að sá þessu innan um björkina. Mikið af þessu er dautt, en hitt er orðið rúm mannhæðarhá tré. Mann, sem er nákunnugur þessu, spurði ég, hvort hann héldi, að þessi tré væru orðin til einhvers nýtt eftir 100 ár. Hann sagði, að skógræktin væri lítils virði, ef það yrði ekki fyrr.

En þetta gefur auga leið, hvort það borgar sig fyrir okkur að fórna sæmilegu landi undir skógrækt, þegar tré vaxa svona seint og verða kannske aldrei til hagnýtra hluta, og við sjáum, að það borgar sig alla vega betur að nota gott land til annars. En á slæma landinu þrífast trén ekki. Við verðum að reyna að rækta barrskógana upp í kjarri, og það er í rauninni ekkert við því að segja, að það sé gert. Það er eytt miklu fé í þetta. En ég álít, að ríkið eigi ekki að vera að leggja milljónir í þetta.

Frh.


Ég er ekki farinn að sjá einn einasta skóg koma upp, ekki nokkurn. Svo var gefið býli til skógræktar. Það er byrjað að sá. Það liggur á mótum austri, og ég er sannfærður um, að plönturnar deyja hér um bil allar út.

En það er eins og ég tók fram, það er í einstaka stað hér á landi mögulegt að rækta dálítið af trjám. Að það hafi fjárhagslega þýðingu fyrir þjóðfélagið eða viðkomandi héruð, það skulum við ekki ímynda okkur.

En þetta getur verið ánægjuauki, og ég t.d. tel þýði að gördunum hér í Reykjavík. En það þarf að rækta trén upp með fádæma umönnun og í skjóli, og þá geta þau þrifist. Það er engin planta, sem við reynum að láta vaxa hér, sem þarf jafnmikla umönnun og trén. Þannig er nú þessi skógrækt hér á Suðvesturlandinu.


En þá var jafnframt þrautseigja mikilvæg

- Fræg saga af skógarfurunni úr Borgarfirði



III: Í þriðja lagi

- En hér verður viðsnúningur í skógræktarmálum um 1990
- Frá „að sannfæra“ til „að framkvæma“!



Mynd 7.1 Fjöldi gróðursettra trjáplantna árin 1950-2012. Heimild: Skógræktarfélag Íslands.


Skógur er orðinn sýnilegur í íslensku landslagi!

Twenty-eight countries and areas have an estimated net loss of 1 percent or more of their forest area per year. The five countries with the largest annual net loss for 2000–2010 are: Comoros (-9.3 percent); Togo (-5.1 percent); Nigeria (-3.7 percent); Mauritania (-2.7 percent) and Uganda (-2.6 percent). Nineteen countries have an estimated annual net gain of 1 percent or more due to afforestation and natural expansion of forests. The five countries with the largest estimated annual positive change rates for 2000–2010 are: Iceland (5.0 percent); French Polynesia (4.0 percent); Kuwait (2.6 percent); Rwanda (2.4 percent) and Uruguay (2.1 percent). Most, but not all, of the countries with large change rates measured in percentages are low forest cover countries, in which a relatively small change in absolute values results in a large change in relative or percentage terms.

Nýleg úttekt skýrsla FAO á stöðu skóga heimsins og breytingar frá 2000-2010

Skógar og kjarr á Íslandi 2014

189.600 ha (1.896 km²)



■ Náttúrulegt birkilendi (150.600 ha)
■ Ræktað skóglendi (39.000 ha)



Breytt umræða

143. löggjafarþing — 32. fundur, 2013.

Á undanförunum árum höfum við séð margt breytast í sveitum og ekki síst með tilliti til tækifæra er hafa verið gripin er snúa að skógrækt. Ég held að tímabært sé að við förum að huga að því að nýta til atvinnuuppbyggingar þá miklu fjárfestingu sem þegar liggur í þeim skógum sem búið er að planta og hafa vaxið hér á undanförunum áratugum.

Það er einmitt markmið okkar sem að þessum málum standa að tekið verði föstum tókum að byggja upp alvöruatvinnugrein í kringum nýtingu skóganna, hvort sem það er til að fletta tré í borð, sem er mjög eftirsóttur viður sérstaklega til uppgerðar á gömlum húsum og til að skapa ákveðna sérstöðu sem byggingarhlutar í nýbyggðum húsum og í uppgerð gamalla húsa. Ég veit og þekki til þess að nú þegar er ágætur markaður fyrir það, eftirspurnin er mun meiri en framboðið.

Það er ekki síður til að ná að byggja undir og markaðssetja afurðir er falla til vegna grisjunar skóganna og hvetja þannig til bættrar skógræktar. Það þarf að hlúa að skóginum og gæta þess að grisjunin og kraðakið þar verði ekki til þess að það komi niður á vexti annarra trjáa. Grisjunin kemur þar inn í og atvinnuvegur henni tengdur.

frh.

Síðan er það varðandi beit á skóga. Nú er það svo að í nokkrum landshlutabundnum verkefnum í skógrækt hafa beitarskógar verið markmið þeirra sem hafa stundað skógrækt. Ekki síst vegna þessa er nauðsynlegt að taka stefnumótun í skógrækt föstum tókum, því að oft er þessum atriðum stillt upp hvoru gegn öðru, búfjárbeit og skógrækt, sem á alls ekki að vera.

Það er sannarlega góður kostur fyrir marga sem halda sauðfé og annan búpening að planta skógi til beitar og ekki síður til að skapa skjól á jörðum í tengslum við skjólbeltarækt sem bæði bætir ræktunarskilyrði, hvort sem það er á grasi eða korni, og veitir búfé líka skjól. Það hefur sannarlega getað og hefur breytt nýtingarmöguleikum bújarða heilmikið.

IV: Í fjórða lagi

- Hvað þurfti til?
- Ýmis mikilvægt atriði

Almennur áhugi, hvatning og vakning



**Elísabet II Bretadrottning
með Vigdís í Vinaskógi
árið 1990**


- *"Það var létt yfir drottningunni," segir Vigdís. "Hún hafði gert sér í hugarlund að sumt væri hér öðruvísi en raun ber vitni. Þegar við komum í reitinn sem nefndur hefur verið Vinaskógur, leit drottning í kringum sig og spurði mig hvar skógurinn væri. Ég sagði henni að hann kæmi með tímanum og við stilltum okkur ekkert um að hlæja."*

Góður árangur og möguleikar skógræktar komu betur og betur í ljós




- Jórvík í Breiðdal, af www.skogur.is

Aðgengileiki að landi



Þróun sauðfjárstofnsins:
Arnalds og Barkarson

Efnahagsleg velsæld – en svo kreppa!!



V: Að lokum

- ýmsar breytingar og áskoranir framundan

Við lifum á tímum breytinga

- Skógurinn breytist - og veldur jafnframt breytingum!
- Loftslag breytist – og veldur jafnframt breytingum!
- Samfélagið – breytist og það veldur jafnframt breytingum!
- Hvernig ætlar skógræktarstarfið að takast á við þessar breytingar?

Mikilvæg mál

- Ný sameinuð skógræktarstofnun
- Nýr lagarammi
- Landval til skógræktar – mörg sjónarmið
- Skipulag skógræktar í stærri mælikvarða
- Leiðir til að auka gróðursetningu aftur
- Aukin verkefni við endurheimt náttúruskóga
- Þróun afurða – „lífhagkerfið“
- Betri skilningur á efnahagslegum áhrifum og möguleikum

Takk fyrir!

